

2021

151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi,
nr. 28/2017 (tímabundnir gestaflutningar og eftirlit með greiðslu fargjalda í
almenningssamgöngum).

Frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

Tímabundnir gestaflutningar í farþegaflutningum: Óreglulegir farþegaflutningar á vegum innanlands gegn gjaldi sem flytjandi sem hefur staðfestu í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið starfrækir í öðru aðildarríki á grundvelli bandalagsleyfis í allt að 10 samfellda daga í hverjum almanaksmánuði.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna kemur ný grein, 11. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Tímabundnir gestaflutningar í farþegaflutningum.

Flytjanda sem hefur staðfestu í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er heimilt að starfrækja tímabundna gestaflutninga í farþegaflutningum hér á landi enda sé flytjandi handhafi bandalagsleyfis útgefnu í staðfesturíki. Flytjandi skal tilgreina í akstursskrá sem geymd er í ökutæki það tímabil innan almanaksmánaðar sem hann hyggst stunda tímabundna gestaflutninga á. Afrit af akstursskrá skal afhent tollgæslu til varðveislu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um skilyrði fyrir framkvæmd tímabundinna gestaflutninga í farþegaflutningum hér á landi, þ.á.m. um þau skjöl og gögn sem geymd skulu í ökutæki sem notað er til umræddra flutninga.

3. gr.

Við 1. mgr. 22. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Um endurskoðun vanrækslugjalds fer eftir ákvæðum 30. gr. a.

4. gr.

Við 1. mgr. 29. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Þá er lögreglu heimilt að fyrirskipa kyrrsetningu ökutækis sem notað er við tímabundna gestaflutninga, fari flutningur fram utan tilgreinds tímabils eða ef flutningur er ekki í samræmi við akstursskrá skv. 1. mgr. 11. gr. a. að öðru leyti.

5. gr.

Á eftir 6. tölul. 1. mgr. 30. gr. kemur nýr töluliður, 7. tölul., svohljóðandi:

7. 11. gr. a um tímabundna gestaflutninga í farþegaflutningum.

6. gr.

Á eftir 30. gr. laganna kemur ný grein, 30. gr. a, ásamt fyrirögn, svohljóðandi:

Vanrækslugjald.

Farþega í almenningssamgöngum ber að framvísa farmiða eða sýna með öðrum gildum hætti fram á greiðslu réttis fargjalds óski starfsmaður flytjanda eftir því. Farþega ber einnig að framvísa skilríkjum eða gera grein fyrir sér með öðrum fullnægjandi hætti, óski starfsmaður flytjanda eftir því til að kanna hvort rétt fargjald hafi verið greitt eða vegna innheimtu vanrækslugjalds, sbr. 2. mgr. Flytjandi getur óskað aðstoðar lögreglu við að framfylgja skyldum farþega samkvæmt þessari grein ef þörf krefur.

Geti farþegi í almenningssamgöngum ekki sýnt fram á greiðslu réttis fargjalds þegar eftir því er leitað er flytjanda heimilt að krefja hann um vanrækslugjald. Vanrækslugjald getur numið allt að 30.000 kr. hverju sinni en fjárhæð þess skal taka hlutfallslegt mið af því fargjaldi sem farþega hefið borið að greiða. Sé vanrækslugjald greitt innan 14 daga er heimilt að lækka það um 50%. Gera má fjárnám til tryggingar greiðslu vanrækslugjalds án undangengins dóms eða sáttar.

Nánari ákvæði um hvernig vanrækslugjald verður lagt á, fjárhæð þess og innheimtu skulu koma fram í sérstökum reglum flytjanda sem staðfestar eru af ráðherra og birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Vanrækslugjald rennur til flytjanda.

Telji farþegi að ákvörðun um að krefja hann um vanrækslugjald hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik getur hann óskað eftir því að flytjandi taki hana til endurskoðunar. Ósk um endurskoðun skal berast flytjanda innan þriggja mánaða frá því farþegi var krafinn um gjaldið og skal niðurstaða flytjanda liggja fyrir innan þriggja mánaða frá því að ósk um endurskoðun berst. Niðurstöðu flytjanda má kæra til Samgöngustofu í samræmi við ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga. Úrskurðir Samgöngustofu samkvæmt þessari grein eru endanlegir á stjórnsýslustigi.

Reglur um vanrækslugjald skulu vera farþegum sýnilegar um leið og stigið er upp í farartæki og kynntar sérstaklega í öllum samgöngumiðstöðvum, á vef flytjanda og á biðstöðvum þar sem því verður við komið.

7. gr.

Við 1. málsl. 33. gr. laganna bætist: sbr. þó 4. mgr. 30. gr. a.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Greinargerð.***1. Inngangur.**

Frumvarp þetta, sem samið er í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, felur í sér tvenns konar breytingar á gildandi lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017, með síðari breytingum.

Annars vegar er lagt til að bætt verði við lögin skilgreiningu á tímabundnum farþegaflutningum (gestaflutningum) sem flutningafyrirtæki með staðfestu í löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins starfrækja hér á landi gegn gjaldi á grundvelli Bandalagsleyfis.

Hins vegar eru lögð til ný úrræði til eftirlits með greiðslu fargjalda í almenningssamgöngum til að opna fyrir og styðja við skilvirkari lausnir við greiðslu fargjalda með það að markmiði að efla þjónustu við notendur

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru til komnar af tvennu tilefni og verður því fjallað um þær í sitt hvoru lagi.

2.1 Skilgreining á tímabundnum gestaflutningum í farþegaflutningum.

Með reglugerð um leyfi til að stunda farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 474/2017, sem sett er með stoð í lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017, var innleidd hér á landi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópbifreiðum milli landa, sem tekin var inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2014 frá 16. maí 2014.

Samkvæmt reglugerðinni er sérhverju flutningafyrirtæki með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins og svonefnt Bandalagsleyfi, sem annast farþegaflutninga á vegum gegn gjaldi, heimilt að stunda svonefnda gestaflutninga hér á landi í nánar tilgreindum tilvikum. Hafa erlend flutningafyrirtæki stundað slíka gestaflutninga hér á landi með ferðamenn á grundvelli heimildarinnar, en þess konar gestaflutningar eru í reglugerðinni skilgreindir sem óreglubundnir farþegaflutningar á vegum innanlands gegn gjaldi sem flutningafyrirtækið starfrækir tímabundið í gístiaðildarríki.

Nánari skilgreiningu á því hvað geti talist tímabundnir flutningar í þessu sambandi er hins vegar ekki að finna í reglugerð (EB) nr. 1073/2009. Fram hefur komið í umræðum á þingi Evrópusambandsins að tekin hafi verið sú ákvörðun að fela hverju aðildarríki fyrir sig að afmarka og skilgreina hvað felist í „tímabundnum“ flutningum í skilningi b.-liðar 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009. Við innleiðingu gerðarinnar í íslenskan rétt var hins vegar ekki hugað að slíkri skilgreiningu. Hefur af þeim sökum skort grundvöll til að framfylgja þessum ákvæðum hér landi, þ.e. framfylgja því að gestaflutningar sem fram fara á grundvelli framangreindrar heimildar séu í raun tímabundnir. Úr því þarf að bæta með skýrri skilgreiningu í lögum á tímabundnum gestaflutningum í farþegaflutningum og jafnframt skýrum heimildum til að framfylgja reglum á þessu sviði.

2.2 Skylda farþega í almenningssamgöngum til að sýna fram á greiðslu fargjalds.

Tilefni lagasetningarinnar er að þessu leyti að opna fyrir og styðja við skilvirkari lausnir við greiðslu fargjalda í almenningssamgöngum með það að markmiði að efla þjónustu við notendur án þess að því fylgi verulegt tekjutap flytjenda. Kallar það á að lögfestingu tiltekinna grundvallaratriða er varða skyldur farþega og heimildir flytjenda á þessu sviði.

Kallar það á að kveðið sé með skýrum hætti í lögum á um skyldu farþega til að framvísa gildum farmiða eða sýna með öðrum hætti fram á greiðslu fargjalds sem og rétt flytjanda til að sannreyna að fargjald hafi verið greitt. Þá þarf einnig heimild til þess að krefja þá farþega um vanrækslugjald sem ekki geta sýnt fram á greiðslu rétts fargjalds sem og ákvæði um endurskoðun slíkra ákvarðana.

3. Meginefni frumvarpsins.

Eins og áður segir felur frumvarpið í sér tvenns konar breytingar á gildandi lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi. Annars vegar snúa þær að skilgreiningu á tímabundnum gestaflutningum í farþegaflutningum og hins vegar að skyldu farþega í almenningssamgöngum til að sýna fram á greiðslu fargjalds.

3.1 Skilgreining á tímabundnum gestaflutningum í farþegaflutningum.

Samkvæmt frumvarpinu verði bætt við löginn skilgreiningu á tímabundnum gestaflutningum í farþegaflutningum en hana skortir í gildandi lög. Skilgreiningin er efnislega samhljóða skilgreiningu reglugerðar (EB) nr. 1073/2009 en bætt er við hana skýrri skilgreiningu á því hvað talist geti tímabundnir gestaflutningar. Er þar miðað við allt að 10 samfellda daga í hverjum almanaksmánuði. Er talið að gestaflutningar innan þeirra tímamarka geti talist tímabundnir í skilningi reglugerðarinnar og jafnframt byggji þau mörk á málefnalegum grunni gagnvart flutningsaðilum sem stunda gestaflutninga hér á landi.

Þá verði tekin inn í löginn ákvæði um heimild flytjenda með Bandalagsleyfi sem staðfestu hafa innan Evrópska efnahagssvæðisins til að starfrækja tímabundna gestaflutninga í farþegaflutningum hér á landi. Er það í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1073/2009. Jafnframt verði bætti við sérstakri reglugerðarheimild ráðherra til að kveða nánar á um skilyrði fyrir framkvæmd tímabundinna gestaflutninga í farþegaflutningum hér á landi, þ.á.m. um þau skjöl og gögn sem geymd skulu í ökutæki sem notað er til umræddra flutninga.

Loks verða skýrðar heimildir til eftirlits með því að framkvæmd gestaflutninga sé innan þess ramma sem markaður er um hana sem og heimild til beitingar sekta ef um brot er að ræða.

3.2 Skylda farþega í almenningssamgöngum til að sýna fram á greiðslu fargjalds.

Bætt verður við gildandi lög um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017, ákvæðum um heimild flytjenda til að kanna hvort farþegar í almenningssamgöngum hafi greitt rétt fargjald og um skyldu farþega til að framvísa farmiðum eða öðrum skjölum því til staðfestingar. Þá felur frumvarpið í sér heimild til að krefja þá farþega um sérstakt vanrækslugjald sem það geta ekki gert.

Kveðið er á um hámarksfjárhæð vanrækslugjalds í frumvarpinu en nánari útfærsla á því hvernig það er lagt á, fjárhæð þess og innheimtu þess skal koma fram í sérstökum reglum flytjanda sem staðfestar eru af ráðherra. Með þessum heimildum verður flytjendum í almenningssamgöngum gert kleift að auka og einfalda aðgengi að vögnunum en beita jafnframt skilvirku eftirliti með greiðslu fargjalda.

Það skal tekið fram að farþegar munu geta óskað eftir því að flytjandi endurskoði vanrækslugjald sem lagt hefur verið á telji þeir ákvörðunina byggja á röngum forsendum og jafnframt munu þeir geta kært niðurstöðu flytjanda til Samgöngustofu.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Eins og fram hefur komið felur frumvarpið í sér nákvæmari skilgreiningu en finna má í reglugerð (EB) nr. 1073/2009 á því hvað talist geta tímabundnir gestaflutningar í farþegaflutningum. Eru slíkir tímabundnir gestaflutningar skilgreindir þannig að þeir geti staðið í allt að 10 samfellda daga í hverjum almanaksmánuði, en slík nákvæm tímamörk á tímabundnum gestaflutningum eru ekki í reglugerðinni. Hefur þetta kallað á mat á því hvort ákvæði frumvarpisins samræmist að þessu leyti reglugerðinni og þar með skuldbindingum Íslands skv. EES-samningnum.

Það skal tekið fram að fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins hafa skilgreint tímabundna gestaflutninga fyrir sitt leyti. Hafa dönsk yfirvöld litið svo á að slíkir flutningar geti staðið yfir í allt að 7 daga í hverjum almanaksmánuði. Þá liggur fyrir að norsk stjórnvöld hafa einnig talið þörf á nánari skilgreiningu á þessu sviði.

Það er mat ráðuneytisins að eðli máls samkvæmt séu tímabundnir gestaflutningar tímabundnir en ekki viðvarandi. Því gangi það ekki gegn ákvæðum framangreindrar reglugerðar að skilgreina nánar hver tímamörk skuli vera enda sé það gert á málefnalegum grunni. Þau mörk sem hér eru lögð til, þ.e. 10 samfelldir dagar í hverjum almanaksmánuði, eru það rúm að þau eiga að nægja til ferða með hópa ferðamanna um landið en um leið ekki það rúm að þeir flutningar geti ekki lengur talist tímabundnir. Þá séu tiltekin skýr tímamörk nauðsynleg til að hægt sé að framfylgja þessum reglum, þ.e.a.s. framfylgja því að viðvarandi farþegaflutningar fari ekki fram hér á landi á grundvelli heimildarinnar til tímabundinna gestaflutninga.

Líkt og segir í kafla 2.2.1 hefur komið fram í umræðum á þingi Evrópusambandsins að tekin hafi verið sú ákvörðun að fela hverju aðildarríki fyrir sig að afmarka og skilgreina hvað felist í „tímabundnum“ flutningum í skilningi b.-liðar 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009. Þannig óskaði þingmaður Evrópuþingsins með spurningu (E-011304-13) um gestaflutninga sem beint var til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eftir upplýsingum um það hvort framkvæmdastjórnin hygðist veita leiðbeiningar um það hvernig beri að skilgreina hugtakið „tímabundið“ þegar um gestaflutninga í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1073/2009 er að ræða. Í svari framkvæmdastjórnarinnar kom fram að með reglugerð (EB) nr. 1073/2009 hafi aðildarríkjum verið eftirlátið að skilgreina hvað felist í farþegaflutningum sem starfræktir eru tímabundið. Framangreint rennir stoðum undir það mat að frumvarpið brjóti ekki gegn alþjóðlegum skuldbindingum íslenska ríkisins og að tilefni séu til að festa í lög nákvæma skilgreiningu á því hvað teljist til tímabundinna farþegaflutninga á vegum innanlands gegn gjaldi sem flutningafyrirtæki með staðfestu í öðru aðildarríki starfrækir tímabundið hér á landi.

Frumvarpið hefur ekki að öðru leyti kallað á mat á samræmi þess við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

6. Mat á áhrifum.

Verði frumvarpið að lögum mun það skýra þær reglur sem gilda um heimildir flutningafyrirtækja með staðfestu í löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins til að starfrækja tímabundna fólksflutninga hér á landi gegn gjaldi á grundvelli bandalagsleyfis. Skýrari reglur munu auðvelda framfylgd þeirra.

Þá munu ný úrræði til eftirlits með greiðslu fargjalda í almenningssamgöngum opna fyrir og styðja við skilvirkari lausnir við greiðslu fargjalda með það að markmiði að auka skilvirkni og efla þjónustu við notendur

Frumvarpið hefur áhrif á rekstraraðila með staðfestu utan Íslands sem stunda tímabundna gestaflutninga hér á landi og starfsmenn þeirra. Þá hefur það bein áhrif á þá sem koma sér hjá því að greiða fargjald í almenningssamgöngum. Frumvarpið mun bæta lítilsháttar við eftirlit lögreglu og jafnframt mun fjölga kærumálum til afgreiðslu hjá Samgöngustofu. Kostnaðarauki ríkissjóðs vegna þessa er talinn óverulegur.

Um einstakar greinar frumvarpsins. (á eftir að endurskrifa).

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að gerðar verði breytingar á 3. gr. laganna sem hefur að geyma orðskýringar. Lagt er til að við greinina bætist nýr töluliður þar sem hugtakið *Tímabundnir gestaflutningar í farþegaflutningum* verði skilgreint. Skilgreiningin sem hér er lögð til er efnislega í samræmi við skilgreiningu þá sem er að finna í reglugerð (EB) nr. 1073/2009 utan þess að bætt er við hana nánari skilgreiningu á því hvað felist í „tímabundnum“ gestaflutningum. Þannig er miðað við að um geti verið að ræða allt að 10 samfellda daga í hverjum almanaksmánuði. Telja verður að þau tímamörk sem lögð eru til veiti þannig flytjendum nægjanlegt svigrúm til að stunda tímabundna flutninga hér á landi án þess að gerð sé krafa um að þeir afli sér almenns rekstrarleyfis hér á landi, en feli um leið í sér skýran en málefnalegan ramma sem flytjendur skulu starfa eftir svo hægt sé að fallast á að í raun sé um tímabundna starfsemi í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1073/2009 að ræða.

Um 2. gr.

Ákvæði um gestaflutninga er að finna í reglugerð (EB) nr. 1073/2009 sem hefur verið innleidd hér á landi en ekki hefur verið fjallað um slíka flutninga með skýrum hætti í innlendra löggjöf til þessa. Því er lagt til að í greininni verði með skýrum hætti kveðið á um reglur sem skulu gilda um tímabundna gestaflutninga í farþegaflutningum.

Í 1. mgr. er kveðið á um heimild flytjanda sem hefur staðfestu í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið til að starfrækja tímabundna gestaflutninga í farþegaflutningum hér á landi, eins og þeir eru skilgreindir í 3. gr. laganna, að því gefnu að flytjandi sé handhafi bandalagsleyfis sem hefur verið gefið út í staðfesturíki flytjandans. Þá er lagt til að kveðið verði á um það með skýrum hætti í lögunum að flytjandi sem hyggst stunda tímabundna gestaflutninga skuli geyma akstursskrá í ökutæki sem notað er við flutningana en í slíkri akstursskrá skal m.a. tilgreina það tímabil innan almanaksmánaðar sem flytjandi hyggst stunda gestaflutninga á. Ákvæði um akstursskrá er þegar að finna í reglugerð (EB) nr. 1073/2009 og í reglugerð um leyfi til að stunda farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 474/2017. Lagt er til að áður en flytjandi hefur tímabundna gestaflutninga skuli hann afhenda tollgæslu afrit af akstursskrá svo hafa megi eftirlit með því hvort í raun sé um að ræða tímabundna gestaflutninga. Þannig getur flytjandi með einföldum hætti við komu til landsins afhent tollgæslu upplýsingar um það hvenær viðkomandi hyggst stunda gestaflutninga hér á landi.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði þar sem lagt er til að ráðherra geti með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði fyrir framkvæmd tímabundinna gestaflutninga í farþegaflutningum hér á landi. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði m.a. kveðið nánar á um þau skjöl og gögn sem geymd skulu í ökutæki sem notað er til slíkra flutninga. Þannig verði sem dæmi nánar útfært í reglugerð hvaða upplýsingar skuli færa í akstursskrá skv. 1. mgr.

Um 3. gr.

Í 22. gr. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi eru ákvæði um hvernig farþegar eða aðrir sem hagsmuna eiga að gæta geta kvartað til Samgöngustofu telji þeir að flytjandi hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögunum. Þessi kvörtunarleið hentar hins vegar illa sem kæruleið fyrir þá sem kæra vilja ákvörðun um að leggja á vanrækslugjald. Því er í

nýrri 30. gr. a mörkuð sérstök kæruleið vegna vanrækslugjalds og þau mál undanskilin máls-meðferð 22. gr.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 29. gr. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi er að finna sérstakar heimildir lögreglu til að stöðva hvenær sem er ökutæki sem falla undir lögin, til að kanna hvernig flutningur sé um að ræða, þar á meðal hvort flutningurinn sé leyfisskyldur, hvort brotið sé gegn einkarétti eða hvort flutningurinn sé að öðru leyti í samræmi við ákvæði laganna. Lögreglu er ennfremur veitt heimild til að fyrirskipa kyrrsetningu ökutækis ef um er að ræða leyfisskyldan flutning sem fer fram án tilskilins leyfis. Heimild lögreglu til kyrrsetningar ökutækis skv. ákvæðinu nær þannig aðeins til ökutækja sem notuð eru við leyfisskyldan flutning án þess að tilskilið leyfi sé fyrir hendi. Heimild lögreglu til kyrrsetningar ökutækis skv. gildandi lögum þykir ekki taka til þess með nægilega skýrum hætti þegar gestaflutningar skv. 11. gr. a. fara fram utan heimils tímabils og er því lagt til að úr því verði bætt. Þannig er lagt til að nýjum málslið verði bætt við 1. mgr. 29. gr. laganna sem veiti lögreglu skýra heimild til að kyrrsetja ökutæki sem notað er við tímabundna gestaflutninga utan þess tímabils sem tilgreint er í akstursskrá sem geymd er í ökutæki og tollgæsla hefur fengið afrit af eða ef flutningur er ekki í samræmi við akstursskrá að öðru leyti. Kyrrsetji lögregla ökutæki skv. heimildinni verður flytjanda gert ókleift að halda áfram ólögætum gestaflutningum. Flytjandi getur eftir sem áður hafið gestaflutninga í næsta almanaksmánuði að því gefnu að skilyrði laganna séu uppfyllt að öllu leyti.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. 30. gr. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi er að finna upptalningu á þeim ákvæðum laganna sem refsivert er að brjóta gegn. Brot gegn umræddum ákvæðum varða sektum, liggi ekki þyngri refsing við broti skv. öðrum lögum.

Lagt er til að brot gegn 11. gr. a. um tímabundna gestaflutninga í farþegaflutningum verði gerð refsiverð til að varna því að flytjendur brjóti gegn þeim reglum sem gilda um tímabundna gestaflutninga.

Um 6. gr.

Í greininni eru ný ákvæði um skyldu farþega í almenningssamgöngum til að sýna fram á greiðslu réttis fargjalds, sé óskað eftir því, vanrækslugjald sem lagt er á geti farþegi ekki sýnt fram á greiðslu og kæruleið í því sambandi. Vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu varðandi tilefni og tilgang þeirra breytinga.

Í 1. mgr. er nánar kveðið á um skyldu farþega til að framvísa farmiða eða sýna með öðrum gildum hætti fram á greiðslu réttis fargjalds óski starfsmaður flytjanda eftir því. Munu farþegar því þurfa að halda til haga farmiða sínum eða annars konar staðfestingum á greiðslu fargjalds þar til ferð er lokið og jafnframt framvísa sönnun á greiðslu fargjalds, óski starfsmaður flytjanda eftir því. Þá ber farþegum einnig að framvísa skilríkjum eða gera grein fyrir sér með öðrum fullnægjandi hætti, telji starfsmaður flytjanda þörf á því til staðfestingar á því að rétt fargjald hafi verið greitt eða til innheimtu vanrækslugjalds. Sem dæmi um hið fyrra er ef farþegi framvísar árskortir sem gefið er út til tiltekins einstaklings. Loks er í 1. gr. kveðið á um að flytjandi geti óskað aðstoðar lögreglu við að framfylgja skyldum farþega samkvæmt framangreindu geri þeir það ekki sjálfviljugir.

Samkvæmt 2. mgr. er heimilt að innheimta vanrækslugjald hjá þeim farþegum sem ekki geta sýnt fram á greiðslu réttis fargjalds, hvort sem er með framvísun á gildum farmiða eða staðfestingu á greiðslu fargjalds með öðrum hætti. Kveðið er á um að vanrækslugjald geti að hámarki numið 30.000 kr. hverju sinni en nánari ákvæði um hvernig það verði lagt á, fjárhæð þess og innheimtu skulu koma fram í sérstökum reglum flytjanda, sbr. 3. mgr. Kveðið er á um að fjárhæð gjaldsins sé þar ákvörðuð í hlutfallslegu samræmi við það fargjald sem farþeganum hefur borið að greiða. Reglurnar eru lagðar fyrir ráðherra til staðfestingar og hefur ráðherra með þeim hætti eftirlit með efni þeirra. Vanrækslugjald rennur til flytjanda og kemur þannig á móti tekjutapi hans af því að farþegar greiði ekki fargjald.

Farþegi ber sjálfur áhættuna af því ef hann týnir farmiða eða ef aðrar aðstæður hamla því að hann geti sýnt fram á greiðslu fargjalds þegar þess er óskað. Hins vegar er flytjanda heimilt í reglum sínum að kveða á um niðurfellingu vanrækslugjalds að hluta eða öllu leyti ef farþegi getur síðar sýnt fram á að fargjaldið hafi sannarlega verið greitt. Sérstök heimild er til þess að lækka vanrækslugjald um 50% sé það greitt innan 14 daga sem felur í sér jákvæðan hvata til að greiða gjaldið sem fyrst. Rétt er að taka fram að heimild til að leggja á vanrækslugjald tekur til allra gjaldskyldra farþega sem ekki geta sýnt fram á greiðslu fargjalds, þ.m.t. barna.

Í 4. mgr. er mörkuð sérstök kæruleið vegna vanrækslugjalds. Telji farþegi að ákvörðun um að krefja hann um gjaldið hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik getur hann óskað eftir því að flytjandi taki hana til endurskoðunar. Niðurstöðu flytjanda getur hann síðan skotið til Samgöngustofu og er niðurstaða Samgöngustofu endanleg innan stjórn-sýslunnar.

Mikilvægt er að tryggja að farþegar geti með auðveldum hætti kynnt sér þær reglur sem gilda um fargjöld og vanrækslugjald, sé slíkt kerfi tekið upp. Því er kveðið á um það í 5. mgr. að reglur um vanrækslugjald skulu vera farþegum sýnilegar um leið og stigið er upp í farartæki og kynntar sérstaklega í öllum samgöngumiðstöðvum, á vef flytjanda og á biðstöðvum þar sem því verður við komið.

Um 7. gr.

Þar sem úrskurðir Samgöngustofu um vanrækslugjald skv. 4. mgr. nýrrar 30. gr. a eru endanlegir á stjórn-sýslustigi sæta þeir ekki kæru til ráðherra eins og aðrar stjórn-sýslu-ákvæðanir Samgöngustofu skv. 33. gr. laganna. Því er bætt við 33. gr. tilvísun til sérreglu 4. mgr. 30. gr. a.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki nánari skýringar.